



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Fjármálaeftirlitið
B.t. Halldóru E. Ólafsdóttur/
Hjálmars S. Brynjólfssonar
Höfðatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2012

Efni: Endurskoðun reglna um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 55/2000


Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vísa til fyrri samskipta við Fjármálaeftirlitið (FME) varðandi aðkomu samtakanna að þeirri vinnu sem nú stendur yfir vegna endurskoðunar á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. LL telur þessa endurskoðun afar mikilvæga enda nauðsynlegt að ársreikningar sjóðanna gefi skýra og rétta mynd af stöðu hvers sjóðs.

Með bréfi FME til LL, dags. 5. september sl., er m.a. óskað eftir afstöðu samtakanna um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla vegna ársreikninga lífeyrissjóða. Af þessu tilefni leituðu LL álits hjá Sæmundi Valdimarssyni, endurskoðanda, sem skilaði nokkuð ítarlegu minnisblaði um málið, dags. 1. október 2012, sem fylgir hjálagt. Auk þess að leita álits hjá Sæmundi var málið reifað og rætt við nokkra sérfræðinga á þessu sviði og tóku þeir undir þau sjónarmið sem fram koma í hjálögðu minnisblaði.

Eins og ofangreint ber með sér hefur málið verið nokkuð ítarlega yfirfarið á vegum LL og til samræmis við hjálagt minnisblað og umræður um málið er það afstaða LL að ekki sé tímabært að taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla við gerð ársreikninga lífeyrissjóða. Um rökin fyrir þeirri niðurstöðu er einkum vísað í hjálagt minnisblað.

Rétt þykir að taka fram að við endurskoðun á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða er að sjálfsögðu eðlilegt að líta til alþjóðlegra reikningsskilastaðla og hafa þá til hliðjónar þótt þeir séu ekki teknir upp í heild sinni.

Að lokum vill LL þakka fyrir það tækifæri að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og áréttar ósk um að fá að koma að athugasemdum á síðari stigum þegar til mats kemur á einstökum efnisatriðum reglnanna. Í því sambandi má nefna þá hugmynd að haldinn verði umræðufundur um reglunar og fyrirhugaða endurskoðun með fulltrúum FME, LL og fagaðila, áður en byrjað verður að skrifa tillögur að breyttum reglum.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

1. Minnisblað KPMG ehf. Sæmundar Valdimarssonar, endurskoðanda, dags. 1. október 2012.



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Ísland

Til Landssamtök lífeyrissjóða
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Dags. 1. október 2012

Frá KPMG ehf.
Sæmundur Valdimarsson

Tilvísun Minnisblað til LL 0110 2012.docx

Bréf Fjármálaeftirlitsins vegna endurskoðunar reglna um ársreikninga lífeyrissjóða

Með bréfi dagsettu 5. september sl. óskaði fjármálaeftirlitið eftir afstöðu Landssamtaka lífeyrissjóða til beitingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla við gerð ársreikninga lífeyrissjóða. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um nokkur atriði sem gætu skipt máli í þessu sambandi.

Núverandi reglur

Núverandi reglur um ársreikninga lífeyrissjóða eru að stofni til frá árinu 2000. Þær eru að nokkru leyti barn síns tíma og því nauðsynlegt að sníða af þeim agnúa, endurbæta þær og færa til nútímalegra horfs, þar sem töluverðar breytingar hafa orðið á almennum reikningsskilareglum síðasta áratuginn.

Alþjóðlegur reikningsskilastaðall um lífeyrissjóði, IAS 26, hefur að stofni til gilt frá árinu 1988. Hann fjallar aðallega um hvaða upplýsingar skuli birta í ársreikningi lífeyrissjóðs. Í staðlinum eru fyrst og fremst gerðar kröfur um að birta skuli upplýsingar um eignir sjóðs, hvernig eignirnar hafa breyst á reikningstímabilinu, ásamt upplýsingum um stöðu skuldbindinga sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna og helstu forsendur að baki þeim útreikningi.

Aukinn kostnaður lífeyrissjóða verði af upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Verði alþjóðlegir reikningsskilastaðlar teknir upp við gerð ársreikninga íslenskra lífeyrissjóða mun það hafa í för með sér verulega aukinn kostnað við ársreikningagerð og endurskoðun sjóðanna. Núverandi reglur um ársreikninga lífeyrissjóða eru um 20 blaðsíður, en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fylla á fjórða þúsund blaðsíður og fer umfang staðlanna vaxandi frá ári til árs. Þó ljóst sé að lífeyrissjóðirnir muni vegna eðlis starfseminnar ekki þurfa að beita öllum stöðlunum er ljóst að þær kröfur sem staðlarnir gera um upplýsingar í ársreikningum eru mun umfangsmeiri en í núverandi reglum. Flækjustig við gerð ársreikninga lífeyrissjóða mun aukast verulega verði af upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Það mun að öðru óbreyttu leiða til aukins umfangs ársreikninganna og aukinnar vinnu við gerð þeirra og endurskoðun. Því er ljóst að kostnaður mun aukast, en hins vegar er alls óvíst um ábatann af slíkri breytingu.

Mat á kostnaði og ábata við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Að okkar mati er nauðsynlegt áður en tekin verður ákvörðun um hvort alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skuli gilda um ársreikninga lífeyrissjóða að vinna kostnaðar- og ábatagreiningu á slíkri breytingu. Nauðsynlegt er að meta hvort notendur ársreikninga

Lífeyrissjóða verði betur settir, hvort þeir fái betri upplýsingar, hvort ársreikningar sjóðanna verði þeim gagnlegri og skiljanlegri eða nýtist eftirlitsaðilum og öðrum hagsmunaaðilum betur en ársreikningar sem gerðir yrðu samkvæmt öðrum reglum en þeim alþjóðlegu. Jafnframt þarf að greina hver kostnaðarauki lífeyrissjóðanna gæti orðið yrði þeim gert að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Áhrif af upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Frá árinu 2005 hafa ársreikningar margra af stærri fyrirtækjum á Íslandi verið gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Fyrst var reglunum beitt við ársreikningagerð félaga með skráð hlutabréf, seinna bættust við félag með skráð skuldabréf, fjármálastofnanir og tryggingafélög. Áhrifin af upptöku staðlanna hjá þessum aðilum eru meðal annars þau að ársreikningarnir hafa vaxið verulega, fyrst og fremst sá hluti þeirra sem telst til skýringa, enda eru upplýsingakröfur samkvæmt stöðlunum mjög ítarlegar. Í þessu sambandi er rétt að benda á að á alþjóðavettvangi hafa sjónarmið um nauðsyn þess að draga úr umfangi upplýsinga í ársreikningum og einföldun þeirra notið vaxandi fylgis.

Fylgja þarf öllum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hverju sinni

Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli um framsetningu reikningsskila, IAS 1, eru ákvæði um að í ársreikningi sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skuli vera skilyrðislaus yfirlýsing um að stöðlunum sé fylgt. Slíka yfirlýsingu er hins vegar ekki unnt að gefa nema öllum ákvæðum staðlanna sé fylgt. Samkvæmt því er ekki kostur á því að velja þær reglur eða þær upplýsingar sem birtar yrðu í ársreikningi lífeyrissjóðs sem fylgir alþjóðlegum stöðlum. Fylgja þarf öllum þeim stöðlum sem taka yfir starfsemi lífeyrissjóðs hverju sinni og birta þær upplýsingar sem tiltekið er að birta skuli í þeim sömu stöðlum. Hér er þó rétt að benda á að í skjóli mikilvægisreglu kann að vera heimilt að víkja frá reglum staðlanna vegna atriða sem teljast óveruleg í starfsemi lífeyrissjóðs hverju sinni.

Samræming í framsetningu ársreikninga

Einn meginþáttur í núverandi reglum um ársreikninga lífeyrissjóða er samræming í framsetningu ársreikninganna. Verulegur hluti reglnanna fjallar um hvað falla skuli undir einstaka liði yfirlits um breytingar á hreinni eign og efnahagsreiknings, sem birtir eru í viðauka með reglunum.

Í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eru tiltölulega fá ákvæði og takmörkuð um framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings. Þá er í stöðlunum gerð krafa um að sjóðstreymisyfirlit skuli þrískipt, en samkvæmt núverandi reglum um ársreikninga lífeyrissjóða skiptist yfirlitið í tvennt. Í alþjóðlegum staðli um reikningsskil lífeyrissjóða, IAS 26, er val um framsetningu upplýsinga um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, hreinni eign og lífeyrisskuldbindingu hverju sinni.

Þá má nefna að samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er mögulegt að færa verðbréf með þrennum hætti í reikningsskil. Í fyrsta lagi á gangvirði, þar sem öll breyting gangvirðisins fer í rekstrarreikning, líkt og lífeyrissjóðirnir færa nú skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Í öðru lagi á gangvirði, þar sem breyting gangvirðisins, sem ekki stafar af innlausn vaxta miðað

við upphaflega kaupkröfu, er færð í aðra heildarafkomu (það sem áður var kallað að færa beint á eigin fé). Þessari aðferð hefur ekki verið beitt af íslenskum lífeyrissjóðum svo við vitum. Í þriðja lagi er heimilt að færa skuldabréf og sambærilega gerninga miðað við upphaflega kaupkröfu á líftíma bréfanna enda sé gert ráð fyrir því að sjóðirnir eigi bréfin til lokagjalddaga. Séu slík bréf, sem skilgreind hafa verið sem bréf sem ætlunin er að halda til gjalddaga, seld fyrir í einhverjum mæli fellur tímabundið niður heimild til að færa þau með þeim hætti og verður, samkvæmt stöðlunum, skylt að færa þau á gangvirði. Að auki má nefna lán til sjóðfélaga, sem hægt er að flokka sem útlán samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum. Sé það gert er heimilt að færa sjóðfélagalánin miðað við upphaflega kaupkröfu eins og gert er samkvæmt gildandi reglum. Samkvæmt núverandi reglum skulu lífeyrissjóðir færa skuldabréf miðað við upphaflega kaupkröfu, þó séreignardeildir og nokkrar sameignardeildir lífeyrissjóða hafi kosið að færa slík bréf miðað við markaðsverð hverju sinni.

Ákveði Fjármálaeftirlitið að íslenskir lífeyrissjóðir skuli gera ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla gæti samburður á rekstrarárangri sjóðanna og fjárhagsstöðu orðið erfiðari en nú er.

Bekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

Gera má ráð fyrir að almenn þekking starfsmanna lífeyrissjóðanna á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé nú takmörkuð. Það er tímafrekt og kostnaðarsamt að afla slíkrar þekkingar og ekki ólíklegt að flestir lífeyrissjóðanna verði að treysta að nokkru eða verulegu leyti á aðkeypta aðstoð sérfræðinga í þessu efni. Hérlandis liggur þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrst og fremst hjá endurskoðendum.

Áhrif á mat lífeyrisskuldbindinga

Við höfum á þeim skamma tíma sem við höfum haft til að taka saman þetta minnisblað ekki skoðað sérstaklega hvort upptaka alþjóðlegra reikningsskilareglna hjá íslenskum lífeyrissjóðum kunni að hafa áhrif á mat lífeyrisskuldbindinga, en um það mat gilda nú sérstakar reglur þar sem vaxtaberandi eignir eru núvirtar með föstum vöxtum óháð mótaðilaáhættu sem í þessum eignum felast. Í IAS 19, sem fjallar um starfskjör, kemur fram að við mat eftirlaunaskuldbindinga skuli við núvirðingu nota markaðsvexti hverju sinni.

Aðlögunartími lífeyrissjóða

Verði það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að reikningsskil lífeyrissjóða skuli gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla er nauðsynlegt að veita sjóðunum allnokkurn aðlögunartíma. Nauðsynlegt yrði að byggja upp þekkingu hjá starfsmönnum lífeyrissjóða, auk þess sem huga þyrfti að því hvort nauðsynlegt yrði að breyta tölvukerfum vegna aukinna krafna um upplýsingar. Í þessu sambandi má til dæmis nefna að staðlar sem alþjóða reikningsskilanevndin gaf út í maí 2011 taka gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar, þó heimilt sé að taka staðlana upp fyrir.

Önnur leið að markinu

Við teljum ýmislegt benda til þess að við endurskoðun á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða sé vænlegra að endurbæta núverandi reglur með því að sækja fyrirmyndir að tilteknum ákvæðum í



alþjóðlega reikningsskilastaðla fremur en að taka staðlana upp í heilu lagi. Með því yrðu reglurnar einfaldari, umfangið, kostnaðurinn og flækjustigið minna, án þess að það þyrfti að koma niður á gæðum ársreikninga.

Það er nauðsynlegt að vanda slíkra endurskoðun reglnanna og kalla til þá aðila sem búa yfir þekkingu á reikningsskilareglum og rekstri lífeyrissjóða. Að auki þarf að gefa hagsmunaaðilum færi á að yfirfara og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum áður en slíkar reglur yrðu gefnar út í endanlegri mynd.

Stemundur Valdimarsson